

HAGVÖXTUR LANDSHLUTA

2000-2006

Byggðastofnun
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
desember 2008

Landshlutareikningar 2000-2006


Frá 2005 til 2006 eykst landsframleiðsla í fyrsta sinn um nokkurra ára skeið meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, þó að litlu muni. Hagvöxtur er mestur á Austurlandi enda framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun og álver í hámarki, en einnig mælist góður vöxtur á Suðurlandi, Norðurlandi vestra og á Suðurnesjum. Undanfarin ár hafa verið nokkrar sveiflur í framleiðslu í einstökum landshlutum en á tímabilinu frá 2000-2006 má segja að hagvöxtur hafi verið að mestu bundinn við þrjú svæði hér á landi. Í fyrsta lagi er vöxtur á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess, frá Árnessýslu í austri og vestur í Borgarfjörð. Þá hefur verið töluverður hagvöxtur á Akureyri og nágrenni. Í þriðja lagi hefur verið mikill vöxtur á Mið-Austurlandi, vegna hinn miklu framkvæmda þar. Annars staðar á landinu var hagvöxtur lítil eða enginn á þessu tímabili.

Á Íslandi er í gildi Byggyááætlun sem nær til árána 2006-2009. Með áætluninni er stefnt að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfi landsins.¹ Til þess að framfylgja slíkri stefnu og meta árangur hennar er nauðsynlegt að safna sem gleggstum upplýsingum um stöðu og þróun mála. Einn þáttur í því er að tekna séu saman upplýsingar um hagvöxt niður á landshluta. Í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur Byggyáastofnun unnið slíkar upplýsingar niður á einstaka landshluta og eru þær upplýsingar nú birtar í þriðja sinn. Í stórum dráttum eru aðferðir og heimildir hinar sömu og áður. Launatölur eftir heimilisfangi í tekjuskattgögnum eru blásnar upp með hlutfalli rekstrarafgangs og afskrifta úr rekstrarreikningum fyrirtækja annars vegar og launa úr sömu gögnum hins vegar. Summa launa, rekstrarafgangs og afskrifta er þáttatekjur, sem hér er horft á. Allar þessar tölur eru greindar eftir landshlutum og helstu atvinnugreinum. Sú breyting er þó frá fyrri skýrslum að stuðst er

¹ Þingsályktun um stefnumótandi byggyááætlun fyrir árin 2006-2009.

við óleiðrétt gögn ríkisskattstjóra um laun, í stað talna sem Hagstofan hefur birt. Örlítið hefur verið átt við tölur sem augljóslega virtust vera rangar, en grunnurinn er þó ekki eins áreiðanlegur og áður. Vonir standa til þess að hægt verði að nota gögn frá Hagstofu næst þegar landshlutareikningar verða lagðir fram.

Við svæðaskiptingu er horft til „gömlu“ kjördæmaskipunarinnar frá 1959, með þeirri undantekningu að Reykjavík og nágrennasveitarfélög eru flokkuð undir höfuðborgarsvæðið² og Suðurnesin³ greind sérstaklega. Vegna breytinga á sveitarfélagaskipan eru Siglufjörður og Bakkafjörður nú taldir með Norðurlandi eystra en tilheyrðu áður Norðurlandi vestra og Austurlandi⁴. Sama skipting á við öll árin sem skoðuð eru. *Sjá mynd 1.* Svæðin eru því: Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland, Suðurnes og Höfuðborgarsvæðið.



Mynd 1. Landshlutaskipting. Fjallabyggð og Langanesbyggð eru talin með Norðurlandi eystra allt tímabilið.

² Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Sveitarfélagið Álftanes, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

³ Grindavík, Sveitarfélagið Vogar, Reykjanesbær, Sandgerði og Sveitarfélagið Garður.

⁴ Á árinu 2006 sameinuðust: Siglufjörður og Ólafsfjörður í Fjallabyggð og Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur (Bakkafjörður) í Langanesbyggð.

Í töflu 1. eru helstu niðurstöður athugunarinnar teknar saman.

Árið 2006 var hagvöxtur á landinu öllu 6%, en það er svipað og árin á undan. Miklu munar á milli svæða og er breytingin frá því að vera engin upp í á annan tug prósentu. Mestur vöxtur var á Austurlandi annað árið í röð en

framkvæmdir við álver á Reyðarfirði, Kárahnjúkavirkjun og húsnæðisbyggingar voru þá í hámarki. Þjónusta í landshlutanum eflist mikið frá árinu á undan, samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja, en ljóst er að sá vöxtur er að miklu leyti beinn hluti af byggingarframkvæmdunum.


	Höfuðb.	Suðurn.	Vesturl.	Vestfirð.	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurl.	Suðurl.	Landið
2001	5%	-4%	6%	6%	-2%	-3%	10%	4%	3%
2002	1%	-2%	-6%	-6%	-3%	1%	-4%	-1%	0%
2003	6%	-10%	-3%	-3%	-4%	2%	10%	0%	4%
2004	10%	12%	1%	3%	1%	-2%	1%	3%	7%
2005	8%	10%	11%	2%	-3%	-1%	23%	2%	7%
2006	5%	11%	3%	4%	12%	0%	14%	12%	6%
00-06	39%	15%	12%	7%	-1%	-2%	63%	20%	30%

Tafla nr.1 Hagvöxtur eftir landshlutum árin 2000-2006

Á Suðurlandi var vöxturinn 12% frá 2005 til 2006. Mest af þeirri aukningu má rekja til fjárfestinga, sem er í takt við íbúapróun á svæðinu en einnig hefur orðið umtalsverð aukning í þjónustu. Á Norðurlandi vestra mældist hagvöxtur einnig 12% á milli ára, en flest undanfarin ár hefur framleiðsla þar dregist saman. Aukningin varð í fjárfestingu, iðnaði og þjónustu, en að miklu leyti má rekja breytinguna til betri afkomu fyrirtækja í þessum landshluta. Hafa verður í huga að hlutur svæðisins í heildinni er afar lítill og því getur bætt afkoma einstakra fyrirtækja haft veruleg áhrif á niðurstöðuna fyrir svæðið í heild. Á Suðurnesjum varð hagvöxtur 11%, en það er þriðja árið í röð sem aukning á Suðurnesjum er verulega yfir landsmeðaltali. Á tímabilinu 2000-2006 var hagvöxtur mestur á Austurlandi, rúm 60%, og á höfuðborgarsvæðinu tæp 40%. Annars staðar er hagvöxtur undir meðaltalinu sem var 30% á tímabilinu. Á Suðurlandi mælist hann 20%, Suðurnesjum 15% og Vesturlandi 12%. Á Vestfirðum var hagvöxtur um 7% á meðan framleiðsla dróst saman á Norðurlandi samkvæmt tölunum. Samsetning hagvaxtar er afar mismunandi eftir landssvæðum. Ef litið er á landið í heild má sjá

að hagvöxturinn er drifinn áfram af þjónustu, en næst á eftir kemur byggingarstarfsemi, opinber þjónusta og iðnaður. Hafa verður í huga að innan hvers svæðis geta tiltölulega litlar breytingar mælist í nokkrum prósentum. Sérstaklega á þetta við um fámennari svæðin. Hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu er svipaður og á landinu öllu, enda verða 2/3 hlutar landsframleiðslu til þar. Á Austurlandi, þar sem vöxturinn hefur verið mestur, skýrist hann af stærstum hluta af byggingarstarfsemi en einnig af aukningu í þjónustu. Stór hluti af þeirri þjónustuvekstinum er reyndar nátengdur byggingaframkvæmdunum. Þar má nefna starfsemi sérfræðinga, eignaleigur og starfsmannaleigur. Öll þessi starfsemi er hér flokkuð með þjónustu. Á Suðurlandi er einnig mikið byggt, en þjónusta eykst líka. Suðurnesin hafa nokkra sérstöðu þar sem byggingarstarfsemi dróst aðeins saman þar en þjónusta og opinber þjónusta eru þeir þættir sem mest aukast. Á Vesturlandi skýrir ný stóriðja tæpan helming vaxtarins frá 2000-2006 og sjávarútvegur skýrir þann vöxt sem varð á Vestfirðum á tímabilinu. Á móti dróst þjónusta saman þar.


Mynd 2. Samsetning hagvaxtar



Á Norðurlandi vestra er aukning í byggingarstarfsemi og fiskveiðum á meðan þjónusta og opinber þjónusta dragast saman. Á Norðurlandi eystra dróst fiskvinnsla töluvert saman á tímabilinu.


Sem fyrr segir verður langstærsti hluti þáttatekja á landinu til á höfuðborgarsvæðinu og því eðlilegt að vöxtur á því svæði sé svipaður þar og á landinu öllu. Fram til 2004 jókst framleiðsla þar þó nokkru meira en á landinu öllu. Munurinn var lítill árið 2005 og árið 2006 vex höfuðborgarsvæðið í fyrsta sinn heldur minna en landsmeðaltal.

Mynd 3. Hagvöxtur á Höfuðborgarsvæðinu og á landinu öllu árin 2000-2006.




Á fyrstu árum aldarinnar var nánast enginn hagvöxtur á Suðurnesjum. Á árunum 2004 til 2006 var Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli enn stækkuð. Ný hverfi voru byggð í Reykjanesbæ um svipað leyti. Þá hefur þjónusta aukist hratt í þessum landshluta síðustu árin.

Mynd 4. Hagvöxtur á Suðurnesjum og á landinu öllu árin 2000-2006.




Þróunin á Vesturlandi var nokkuð sveiflukennð á tímabilinu. Í upphafi tímabilsins sem hér er skoðað jókst iðnaðarframleiðsla mjög mikið og byggingarframkvæmdir, meðal annars í stóriðju, sem á mikinn þátt í hagvexti í upphafi tímabilsins og síðustu ár þess.

Mynd 5. Hagvöxtur á Vesturlandi og á landinu öllu árin 2000-2006.




Á Vestfjörðum varð samdráttur á fyrri hluta tímabilsins sem hér er skoðað en síðan hefur verið hæfur vöxtur upp á 2-4%. Nær allan tímann er vöxtur undir landsmeðaltali.

Mynd 6. Hagvöxtur á Vestfirðum og á landinu öllu árin 2000-2006.




Jafn samdráttur einkennir hagþróun á Norðurlandi vestra mestallt tímabilið. Sömu þróun má sjá þegar íbúatölur á svæðinu eru skoðaðar. Síðasta árið er verulegur vöxtur eða 12%, sem að miklu leyti má rekja til góðrar rekstrarafkomu fyrirtækja í landshlutanum. Taka verður fram í þessu samhengi að tiltölulega litlar breytingar hjá fáum fyrirtækjum geta haft veruleg áhrif þar sem hlutfall Norðurlands vestra er innan við 2% af heildarþáttatekjum á landinu.

Mynd 7. Hagvöxtur á Norðurlandi vestra og á landinu öllu árin 2000-2006.



Á Norðurlandi eystra hefur þróunin sveiflast í kringum núllið en var í heildina neikvæð um 2%.


Mynd 8. Hagvöxtur á Norðurlandi eystra og á landinu öllu árin 2000-2006.



Árin 2004 til 2006 munar sérstaklega miklu á Norðurlandi eystra og landsmeðaltali. Byggð hefur eflst á Akureyri og næsta nágrenni, en það hefur ekki náð að vega upp samdrátt á öðrum hlutum svæðisins.


Meiri sveiflur hafa verið á Austurlandi á tímabilinu en annars staðar á landinu. Fyrri hluta tímabilsins stöfuðu sveiflurnar mest af sjávarútvegi en uppsveiflan á síðari hlutanum er til komin vegna álvers- og virkjanaframkvæmda. Hagvöxtur hefur verið meiri en annars staðar á landinu undanfarin ár, en hann hefur verið bundinn við Mið-Austurland.

Mynd 9. Hagvöxtur á Austurlandi og á landinu öllu árin 2000-2006.



Á Suðurlandi var lítill eða enginn hagvöxtur á fyrri hluta tímabilsins en á árinu 2006 varð veruleg aukning sem aðallega stafar af aukningu í byggingaframkvæmdum og þjónustu. Vöxturinn er að langmestu leyti bundinn við vesturhluta svæðisins.

Mynd 10. Hagvöxtur á Suðurlandi og á landinu öllu árin 2000-2006.



Á mann	Höfuðb.	Suðurn.	Vesturl.	Vestf.	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurl.	Suðurl.	Landið
2000	2,1	2,3	2,3	1,8	1,7	1,8	1,8	1,7	2,0
2001	2,1	2,2	2,4	2,0	1,7	1,7	2,0	1,8	2,1
2002	2,1	2,1	2,3	1,9	1,6	1,7	1,9	1,7	2,0
2003	2,3	1,9	2,2	1,9	1,6	1,8	2,1	1,7	2,1
2004	2,4	2,1	2,2	1,9	1,6	1,7	2,0	1,8	2,2
2005	2,6	2,2	2,4	2,0	1,6	1,7	2,3	1,7	2,4
2006	2,7	2,3	2,5	2,1	1,8	1,7	2,3	1,9	2,4

Tafla 2. Þáttatekjur í milljónum kr. á mann eftir landshlutum árin 2000-2006

Hagvöxtur á mann

Hagvöxtur á mann er mestur á tveim svæðum, höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi. Athygli vekur að tekjur á mann hafa farið vaxandi á Vestfjörðum síðustu árin. Á Suðurnesjum, Vesturlandi og á Norðurlandi hafa tekjur á mann mjög lítið breyst undanfarin ár. Tekjur á mann eru hæstar á Höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni þess, á Suðurnesjum og á Vesturlandi og síðan á Austurlandi.

Þessi svæði hafa líka togað til sín fólk undanfarin ár. Þegar tekjutölurnar eru skoðaðar verður að hafa í huga að undanfarin ár hafa margir flutt hingað erlendis frá, einkum til höfuðborgarsvæðisins og Austurlands. Í þessum hópi hafa margir komið gagnert til þess að vinna mikið ekki síst í byggingariðnaði. Margir í þessum hópi hafa ekki verið með fjölskyldu með sér.

Tafla 3. Hagvöxtur á mann eftir landshlutum árin 2000-2006

	Höfuðb.	Suðurn.	Vesturl.	Vestf.	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurl.	Suðurl.	Landið
2001	3%	-5%	5%	8%	-1%	-4%	11%	3%	2%
2002	0%	-3%	-6%	-5%	-2%	1%	-4%	-2%	-1%
2003	5%	-11%	-3%	-2%	-4%	2%	9%	0%	3%
2004	9%	11%	1%	5%	2%	-2%	-4%	2%	6%
2005	6%	5%	8%	5%	-2%	-1%	11%	-1%	5%
2006	2%	5%	2%	5%	13%	0%	2%	9%	3%
'00-'06	27%	0%	7%	16%	5%	-4%	27%	11%	20%

Hagvöxtur innan landssvæða

Fróðlegt er að skyggnast lengra í mati á hagvexti en landshlutaskiptingin leyfir. Ef lítið er til íbúatalna má greina mismunandi breytingar. Á Vesturlandi hefur orðið veruleg fólksfjölgun á suðurhluta svæðisins, í Borgarbyggð, á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit á meðan að það hefur orðið fækkun á Snæfellsnesi og í Döllum. Á Norðurlandi eystra er fjölgun íbúa bundin við Akureyri og 2-3 allra næstu sveitarfélög á meðan fólki fækkar annars staðar. Á Austurlandi er fólksfjölgun bundin við Mið-Austurland, þ.e. Fljótsdalshérað, Fljótsdalshrepp og Fjarðabyggð. Stór hluti af þeirri fjölgun eru erlendir verkamenn sem starfa við álversframkvæmdirnar. Á Suðurlandi nær fjölgunin austur að og Þjórsá og jafnvel austur fyrir hana, en fólki fækkar í Austur-Skaftafellssýslu og í Vestmannaeyjum. Íbúatölurnar sjálfar segja ekki alla söguna. Í mörgum litlum byggðarlögum fækkar fólki undir fertugu stórum skrefum meðan fjöldi þeirra sem eldri eru helst stöðugur.


Tölur um fólksfjölgun og vöxt útsvarstekna í einstökum sveitarfélögum voru notaðar til þess að áætla hagvöxt þar á árunum 2000 til 2006. Þessar tölur virðast gefa allgóðar vísbendingar um raunverulegan hagvöxt, einkum þó útsvarstekjurnar, en þær skýra um 80% af breytileika í hagvexti á tímabilinu. Út frá þessum vísbendingum má áætla hagvöxt á smærri svæðum en áður hefur verið gert. Á mynd 11. sést að geysimikill hagvöxtur var á tveimur svæðum á landinu á árunum 2000-2006. Mjög öflugur vöxtur var á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2000 til 2006. Þessi vöxtur smitaði út frá sér til nágrannabyggðanna. Þannig má sjá að töluverður vöxtur var í Árnassýslu á þessu tímabili. Vöxtur var einnig allmikill í Borgarfirði og á Suðurnesjum. Vöxt í Borgarfirði má raunar bæði tengja við Hvalfjarðargöng, sem stytta leiðina til Höfuðborgarinnar um 50 kílómetra, og uppbyggingu stóriðju á Grundartanga. Í grannhéraðum höfuðborgarinnar má fá ódýrar

lóðir, auk þess sem njóta má þeirra kosta sem lítil byggðarlög bjóða (til dæmis stuttra vegalengda), en samt er ekki langt í stórar verslanir og aðra þjónustu í höfuðborginni. Þá sækja margir vinnu til Reykjavíkur og margir borgarbúar fara á degi hverjum til vinnu í grannhéraðum. Vorið 2003 kannaði Vegagerðin umferð til Selfoss. Á virkum degi kváðust tæplega 400 ökumenn á leið austur yfir Ölfusá vera að fara til vinnu eða á heimleið úr vinnu. Tæp 300 kváðust aka þessa leið til vinnu þrisvar á viku eða oftár. Ekki kom fram hve margir farþegar voru í þessum bílum, en að meðaltali voru 0,7 farþega í öllum bílum sem þarna voru á ferð. Ekki kom heldur fram hve margir komu úr næsta nágrenni Selfoss en ekki virðist fráleitt að álykta að á þessum degi hafi 800-900 manns sótt vinnu yfir Helligheiði eða Þrengsli, í hvora áttina sem er.⁵

Eftir að Hvalfjarðargöngin voru gerð má segja að greiðari vegur sé frá höfuðborgarsvæðinu upp á Akranes en austur yfir fjall. Samkvæmt könnun Vegagerðarinnar haustið 2002 fóru þá á virkum degi rúmlega 450 ökumenn um göngin til vinnu og frá henni. Þar af kváðust um 350 fara þrisvar í viku eða oftár. Þarna var umferð í báðar áttir skoðuð, þannig að ætla má að þeir sem hafa farið til vinnu og heim aftur þennan dag hafi verið taldir tvisvar. Alls var að meðaltali tæplega 1 farþegi í bíl, en ekki liggja fyrir tölur um fjölda þeirra sem voru á leið til vinnu. Ekki voru heldur skoðaðar sérstaklega rútur sem flytja starfsmenn til vinnu á Grundartanga, en af þessum tölum má ætla að þennan dag hafi tæplega 500 manns sótt vinnu um Hvalfjarðargöng þennan dag, í hvora áttina sem er.⁶ Ætla má að akstur til vinnu yfir Helligheiði, Þrengsli, Hvalfjarðargöng og

⁵ Vegagerðin (2004): Selfoss, Umferðarkönnun 15. og 17. maí 2003, á vef Vegagerðarinnar, samtal við Friðleif Inga Brynleifsson, skýrsluhöfund október 2008.

⁶ Vegagerðin (2003): Hvalfjörður 24. og 26. október 2002, samtal við Friðleif Inga Brynleifsson, skýrsluhöfund október 2008.



Mynd 11. Áætlun um hagvöxt eftir landsvæðum 2000-2006.

Reykjanesbraut hafi vaxið undanfarin ár, þótt það hafi ekki verið athugað, svo að kunnugt sé.

Atvinnusæði höfuðborgarinnar teygir sig austan frá Þjórsá, út á Reykjaneskagann og upp í Borgarfjörð.

Geysimikill vöxtur var á framkvæmdasæði Kárahnjúkavirkjunar og Fjarðaáls, en samdráttur eða stöðnun var í grannhéruðum á Austurlandi. Þá var nokkur vöxtur í Eyjafirði og í Skagafirði, en annars staðar á Norðurlandi var víðast hvar lítils háttar samdráttur eða stöðnun. Byggð eflist heldur á Ísafirði en annars staðar á Vestfjörðum er stöðnun í framleiðslu eða samdráttur. Á utanverðu Snæfellsnesi og í Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjum og Vestur Skaftafellssýslu

var víða lítils háttar vöxtur, en vísbendingar um einstaka sveitarfélög eru ekki á einn veg. Svipaða mynd og hér hefur verið dregin upp má sjá þegar fasteignaverð í þéttbýli er skoðað. Það hækkaði afar mikið á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi fram á árið 2008, en mun minna annars staðar á landinu. Þegar fasteignaverð árin 2007-2008 er skoðað sést að áhrifa höfuðborgarinnar gætir upp í Borgarfjörð, austur fyrir Selfoss og suður til Keflavíkur. Þá er verð hærra á Akureyri, Mið-Austurlandi og í Skagafirði en annars staðar á landsbyggðinni. Annars staðar á landinu er fasteignaverð yfirleitt innan við helmingur af verði í höfuðborginni.

Viðauki 1. Vergar þáttatekjur, á verðlagi ársins 2000

Millj.kr.	Höfuðb.	Suðurn.	Vesturl.	Vestf.	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurl.	Suðurl.	Landið
2000	364.893	38.668	33.046	14.966	13.344	48.774	21.585	36.273	571.550
2001	381.781	37.272	35.047	15.931	13.084	47.126	23.688	37.578	591.507
2002	385.213	36.355	33.038	14.911	12.719	47.711	22.705	37.047	589.699
2003	408.976	32.650	31.949	14.497	12.170	48.761	25.057	37.129	611.189
2004	448.877	36.441	32.312	14.986	12.244	47.992	25.275	38.217	656.345
2005	484.732	40.076	35.878	15.351	11.855	47.743	31.010	38.858	705.503
2006	508.596	44.307	37.094	15.947	13.272	47.729	35.252	43.517	745.714
Hlutfall									
2000	63,8%	6,8%	5,8%	2,6%	2,3%	8,5%	3,8%	6,3%	100,0%
2003	66,9%	5,3%	5,2%	2,4%	2,0%	8,0%	4,1%	6,1%	100,0%
2006	68,2%	5,9%	5,0%	2,1%	1,8%	6,4%	4,7%	5,8%	100,0%

Viðauki 2. Vergar þáttatekjur á mann, á verðlagi ársins 2000

Millj.kr.	Höfuðb.	Suðurn.	Vesturl.	Vestf.	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurl.	Suðurl.
2000	2,087	2,325	2,317	1,836	1,695	1,767	1,810	1,718
2001	2,146	2,210	2,426	1,988	1,677	1,700	2,008	1,762
2002	2,144	2,146	2,279	1,880	1,640	1,716	1,932	1,725
2003	2,250	1,912	2,214	1,850	1,578	1,751	2,108	1,723
2004	2,442	2,114	2,241	1,947	1,612	1,723	2,033	1,754
2005	2,593	2,219	2,414	2,034	1,575	1,709	2,262	1,734
2006	2,657	2,324	2,469	2,135	1,781	1,702	2,297	1,899
Hlutfall								
2000	100,0	111,4	111,0	88,0	81,2	84,7	86,7	82,3
2003	100,0	85,0	98,4	82,2	70,1	77,8	93,7	76,6
2006	100,0	87,5	92,9	80,4	67,0	64,1	86,4	71,5